

## 4. gr.

Heimild til niðurfellingar gjalds samkvæmt reglugerð þessari nær aðeins til hins fasta ársfjórðungsgjalds síma samkvæmt gjaldskrá en ekki til annarra gjalda, hvorki stofngjalda, gjalda vegna umframsímtala, aukabúnaðar, né annarra gjalda en fasts ársfjórðungsgjalds, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða sett með gjaldskrá.

Rétthafar samkvæmt gjaldskrá þessari skulu hlýta almennum skilmálum um innheimtu símagjalda o.fl.

## 5. gr.

Þótt réttur elli- og örorkulífeyrisþega til að fá hið fasta ársfjórðungsgjald síma fellt niður, sé viðurkenndur, fær hann ekki forgangsrétt til að fá síma umfram aðra umsækjendur.

## 6. gr.

Skylt skal rétthafa síma, er fengið hefur ársfjórðungsgjald fellt niður að tilkynna starfsmannadeild Póst- og símamálastofnunar þær breytingar sem á högum hans kunna að verða og raskað geta forsendum fyrir gjaldfrelsi hans. Misnotkun eða rangar upplýsingar varða missi réttinda samkvæmt reglugerð þessari.

## 7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur Póst- og símamálastofnun ársfjórðungslega í té skýrslu um þá elli- og örorkulífeyrisþega um land allt, sem óskertrar tekjutryggingar njóta, sbr. a) lið 3. gr. reglugerðar þessarar, ennfremur þeirra er njóta makabóta.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 28. maí 1984 um fjarskipti, til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 46 4. febrúar 1983 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 13. febrúar 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 261, 11. apríl 1983 um fæðingarorlof.**

## 1. gr.

16. gr. hljóði svo:

Fæðist barn andvana, greiðist fæðingarorlof í þrjá mánuði.

Sé um að ræða fósturlát, sem jafna má til fæðingar, greiðist fæðingarorlof í tvo mánuði.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Er heimilt að beita ákvæðum hennar við úrskurði orlofs vegna fæðinga á árinu 1984 og síðan.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. febrúar 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*